

Fundargerð aðalfundar

Íshökkídeild SR – 16. maí 2017

Árið 2017, þriðjudaginn 16. maí, var aðalfundur ársins 2017 hjá íshökkídeild SR haldinn í matsal á efri hæð skautahallarinnar í Laugardal að Múlavegi 1.

Mættir voru:

Eggert Steinsen, formaður

Olgeir Olgeirsson, Gjaldkeri

Kristjón Grétarsson, meðstjórnandi

Kjartan Hjaltsted, meðstjórnandi

Sandra Björk Jóhannsdóttir, meðstjórnandi og ritaði fundargerð.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. Fundarsetning

Eggert Steinsen formaður setti fundinn kl. 20:08.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Eggert Steinsen gerði tillögu að Helgi Páll Þórisson yrði kosinn fundarstjóri og var hún samþykkt með öllum atkvæðum. Þá gerði Eggert einnig tillögu að Sandra Björk Jóhannsdóttir meðstjórnandi yrði fundarritari og var sú tillaga samþykkt sömuleiðis með öllum atkvæðum.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram

Ekki til staðar, skilaði sér ekki eftir fundinn.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram fyrir liðið starfsár

Formaður flutti ræðu um starfsemi félagsins árið 2016-17. Farið var yfir helstu viðburði og breytingar á starfsárinu

5. Endurskoðaðir reikningar til samþykktar

Gjaldkeri fór yfir helstu tölur. Það helsta var að neikvætt fé deildarinn má rekja til þess að bókaðir voru reikningar frá síðasta starfsári inn á þetta starfsár, stjórnin hefur verið að reyna borga það niður. Meistaraflokksleikir, sjoppan er að skila minni hagnaði en gert var ráð fyrir vegna ósamkomulags í húsinu um staðsetningu á sjoppunni.

Endurskoðaðir reikningar eru klárir í lok vikunnar. Samþykkt var að auka aðalfundur yrði haldinn þann 23. maí 2017 kl. 20:00 á sama stað.

6. Kosning stjórnar til eins árs

Fráfarandi formaður greindi frá framboðum.

Í framboði til stjórnar sem aðalmenn voru:

Kjartan Hjaltsted, formaður
Margrét Westkund, Gjaldkeri
Eggert Steinsen, ritari

Í framboði sem meðstjórnendur og varamenn voru:

Ragnar Jóhannsson, meðstjórnandi
Inga Kristín Sigurgeirsdóttir, meðstjórnandi
Kári Guðlaugsson, varamaður
Sandra Björk Jóhannsdóttir, varamaður

Önnur framboð komu ekki fram. Stjórnin var því sjálfkjörin.

7. Önnur mál

Andrés sem er foreldri stráks í 7.fl. fór yfir nýstofnað foreldrafélag frá 3.fl og niður úr. Kynnti helstu áhersluatriði félagsins, sem er að efla og auka félagslega þátt krakkana sem æfa íshokki bæði innan og utan skautasvellsins. Kom einnig inn á að félagin myndi standa að fjáröflun til að koma á móts við háan kostnað foreldra vegna ferðalaga. Markmið félagsins er að halda aðskilinn fjárhag að öllu leyti. Félagið gæti jafnvel haldið utan um lánsbúnað fyrir það krakka sem þurfa og jafnvel rukka einhvern aur fyrir það og vera í góðu samstarfi við stjórnina hvað það varðar ásamt öll þau málefni sem upp koma.

Almenn umræða um hvað mætti betur fara í skautahöllinni og margar hugmyndir á lofti um hvað hægt væri að gera.

Helgi Páll fundarstjóri þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf og kynnti nýja leikendur til leiks og óskaði þeim velfarnaðar á árinu.

Fleira var ekki gert. Fundarstjóri sleit fundi kl. 21:01.